



Sæmundarskóli

Aðgerðaáætlun Sæmundarskóla gegn einelti

Stefnuyfirlýsing

Skólayfirvöld, starfsfólk og skólaráð Sæmundarskóla lýsa því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi er liðið í skólanum. Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og ofbeldi og til að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Sæmundarskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af gleði, virðingu og samvinnu.

**Einelti er ekki undir neinum kringumstæðum liðið í Sæmundarskóla.
Ávallt skal gæta trúnaðar í meðferð eineltismála.**

Skilgreining Sæmundarskóla á einelti og ofbeldi:

- Einelti er ofbeldi sem stendur oft yfir í langan tíma og lýsir sér m.a. í líkamlegu og/eða andlegu ofbeldi, útilokun, útskúfun, særandi umtali og sífelldu áreiti sem skapar vanlíðan.
- Einelti er stýrt af einstaklingi eða hópi og beinist að ákveðnum einstaklingi sem á einhverra hluta vegna erfitt með að verja sig.
- Einelti er neikvætt og meiðandi atferli. Sá sem verður fyrir einelti fyllist ótta og uppgjöf og er ekki fær um að verja sig eða rísa undir álaginu.
- Stríðni, átök og einstaka ágreiningur milli jafningja telst ekki einelti.

Einelti tekur á sig margvíslegar myndir

- a. Líkamlegt t.d. lemja, hrinda, sparka, stela, skemma eitur annarra.
- b. Andlegt, t.d. hótta, uppnefna, stríða, gera/skrifa niðrandi athugasemdir og bréf, útilokun úr hópi, breiða út sögur, ljúga upp á.
- c. Rafrænt –internetið og/eða farsímar notaðir til að koma niðrandi og oft á tíðum meiðandi athugasemdum/upplýsingum um einstakling á framfæri.

Form eineltisins skiptir ekki mestu heldur hvaða áhrif áreitið hefur á þolandann.

Mikilvægt er að hafa í huga að gerendur eru ekki alltaf meðvitaðir um hversu sársaukafullt eineltið er fyrir þolandur.

Allir geta átt á hættu að lenda í eineltisaðstæðum, annað hvort sem þolandur, gerendur eða meðhlauparar.

Að þekkja einelti

Einstaklingur sem verður fyrir einelti segir oft ekki frá því heldur skammast sín og kennir sjálfum sér jafnvel um. Þess vegna er mjög áriðandi að allir þekki einkenni eineltis.



Sæmundarskóli

Hugsanlega er um einelti að ræða ef nemandinn:

- Er hræddur við að ganga einn í skólann eða heim.
- Vill ekki fara í skólann.
- Kvartar undan vanlíðan á morgnana.
- Hættir að sinna náminu, einkunnir lækka.
- Fer að koma heim með rifin föt og skemmdar námsbækur.
- Missir sjálfstraustið.
- Leikur sér ekki við önnur börn.
- Neitar að segja frá því hvað amar að.
- Kemur heim með marbletti eða skrámur sem hann getur ekki útskýrt.
- Verður árásargjarn og erfiður viðureignar.
- Kemur heim í öllum hléum í skólanum.
- Vill ekki taka þátt í félagsstörfum í skólanum.

Komi upp grunur um einelti skal strax tilkynna það til umsjónarkennara viðkomandi barns eða námsráðgjafa.

Skólinn vinnur gegn einelti á tvennan hátt annars vegar með fyrirbyggjandi aðgerðum og hins vegar með skilgreindu vinnuferli í einstökum málum.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

- Stuðla að góðri og traustri samvinnu heimila og skóla.
- Gangast fyrir fræðslufundum um einelti fyrir foreldra og nemendur.
- Gæsla og eftirlit í frímínútum sé virkt, eins í matarhléum, í íþróttahúsi og í ferðalögum á vegum skólans.
- Umsjónarkennarar ræði og vinni reglulega í umsjónarbekk með líðan, samskipti og hegðun nemenda (lífsleikni). Þetta skal m.a. gera á bekkjarfundum sem eiga fastan tíma á stundatöflu hvers bekkjar.
- Umsjónarkennari hafi samráð um það við forráðamenn nemenda að settar séu reglur um þátttöku nemenda í afmælisboðum og öðrum samkomum er tengjast bekknum.
- Markvisst sé unnið að því að nemendur vinni sem hópur að sameiginlegum verkefnum og sýni hver öðrum tillitsemi, traust og umburðarlyndi.
- Hvetja til félagslegrar samstöðu innan bekkja og árganga s.s. á föstudagssamveru þar sem þátttaka allra nemenda og samvinna sé tryggð.
- Blanda árgöngum og aldurshópum í þemaverkefnum innan skólans.



Eineltisteymi

Eineltisteymi Sæmundarskóla er skipað stjórnendum skólans og námsráðgjafa. Teymið vinnur í nánú samstarfi við viðkomandi umsjónakennara. Hlutverk teymisins er að vera leiðbeinandi aðili við lausn eineltismála. Teymið miðlar þekkingu, heldur utan um upplýsingar og vinnur ýmiss konar forvarnastarf gegn einelti. Teymið heldur utan um tilkynningar um einelti og fylgist með framvindu mála. Teymið veitir ráðgjöf og stuðning við úrlausn eineltismála á öllum stigum. Teymið getur vísað málum til nemendaverndarráðs sé þess þörf.

Vinnuferli í eineltismálum

- Komi upp grunur um einelti skal það tilkynnt umsjónarkennara viðkomandi barns eða námsráðgjafa. Tilkynnandi skráir tilkynninguna á þar til gert eyðublað sem geymt er á skrifstofu námsráðgjafa. Foreldrar meints þolanda upplýstir. Eineltisteymi fer yfir allar tilkynningar. Umsjónarkennari/námsráðgjafi vinnur úr málinu en getur á öllum stigum þess ráðfært sig við eineltisteymið.
- Umsjónarkennari/námsráðgjafi vinnur samkvæmt **gátlista 1** við úrvinnslu málsins.
 - Ræðir við foreldra meintra þolanda og meintan gerenda
 - Upplýsir og ræðir við alla starfsmenn sem koma að meintum þolanda og meintum geranda um gruninn og biður þá að fylgjast vel með. Þessir starfsmenn eru t.d. aðrir kennarar, stjórnendur, stuðningsfulltrúar, skólaliðar, og starfsfólk frístundaheimilis/félagsmiðstöðvar. Oft leysist málið á þessu stigi en umsjónarkennara ber að fylgjast vel með áfram
 - Ræðir við meintan þolanda
 - Ræðir við meintan geranda/meinta gerendur
 - Upplýsir foreldra meintra þolanda og gerenda
 - Tengslakönnun lögð fyrir bekkinn
 - Leitar upplýsinga hjá öðrum nemendum
 - Foreldrar upplýstir vikulega

Tilkynnandi er upplýstur um niðurstöður könnunar. Ef ekki er um einelti að ræða er málinu lokað. Það þarf samt að fylgjast vel með. Tveimur vikum eftir að máli er lokað verður hringt í foreldra meints/meintra þolanda og geranda til að kanna líðan nemenda. Frekari stuðningur veittur ef ástæða þykir til.



Sæmundarskóli

Ef um einelti er að ræða er málið unnið eftir gátlista 2:

- Stuðningsviðtöl við þolanda
- Alvarleg einstaklingsviðtöl við geranda/gerendur
- Ráðstafanir skipulagðar með foreldrum þolanda/þolenda og geranda/gerenda
- Bekkjarfundir. Fjallað um einelti og samskipti.
- Utanaðkomandi fræðsla um einelti fyrir bekkinn (ef þörf krefur)
- Foreldrafundur nemenda í bekknum (á ekki alltaf við)
- Eftirfylgni í 2-3 skipti
- Tengslakönnun lögð eftir 6 vikur
- Ef einelti á sér ekki lengur stað að 6 viknum loknum telst málinu lokið

Ef einelti hættir ekki þá er málinu vísað til nemendaverndaráðs.